



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Líffræði (LÍF2B06) Háskólabrú

Áfangalýsing

Nemendur kynnast flokkunarfræði lífvera og helstu sviðum umhverfisfræðinnar. Lögð er sérstök áhersla á að nemendur verði meðvitaðri um þátt einstaklingsins í umhverfisvernd. Leitast er eftir að auka ábyrgðartilfinningu einstaklingsins bæði gagnvart sínu nánasta umhverfi sem og umhverfisins á heimsvísu. Nemendur kynnast helstu umhverfisvandamálum sem jarðarbúar glíma við í dag. Í áfanganum verða eftirfarandi þættir kynntir: flokkun lífvera, vistfræði, landnýting, haf- og veðrakerfi, auðlindapurð, eyðing og mengun.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið líffræði 1 og efnafræði 1 á Háskólabrú.

Prep

Áfanginn er á 2. þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólæiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þeim fjölbreyttu leiðum sem einstaklingur getur farið til vistvænni lífnaðarháttanna
- helstu hugtökum umhverfisfræðinnar, t.d. sjálfbærni, burðargeta, líffræðilegur fjölbreytileiki o.fl.
- hlýnun loftslags á jörðinni, orsökum og afleiðingum
- mengun, búsvæðaeyðing, útrýming og fólksfjölgun í heiminum
- auðlindum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa skýrslur í tengslum við verklegar æfingar
- teikna upp fæðuvef og fæðukeðju
- meta áhrif hversdagslegra athafna á umhverfið, m.a. með því að vakta sitt eigið heimili
- fjalla um umhverfismál út frá hagfræðilegum og fagurfræðilegum sjónarmiðum
- lesa vísindagrein (um umhverfismál) og skýra frá helstu niðurstöðum hennar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna sjálfstæð vinnubrögð og bera ábyrgð á eigin námsframvindu
- vinna í hóp m.a. til þess að auka skilning á námsefninu
- draga úr sorplosun, t.d með því að endurnýja eða draga úr neyslu
- minnka ágang á auðlindir með vistvænni lífnaðarháttum
- túlka á gagnrýninn hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum
- vera virkur þátttakandi í umræðu um umhverfismál á Íslandi og í heiminum

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.